

Fimmtudaginn 5. desember 1996.

Nr. 259/1996.

**Hafnarfjarðarkirkja**

(Ingimundur Einarsson hrl.)

gegn

**Herði Harðar**

(Jakob R. Möller hrl.)

Verksamningur. Ábyrgð. Greiðslustöðvun. Skuldbreyting.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Viðar Már Matthíasson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 8. júlí 1996 að fengnu áfrýjunarleyfi og krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en því, að stefnda verði þá gert að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

**I.**

Málið á rætur að rekja til þess, að áfrýjandi gerði verksamning 14. maí 1994 við Dröfn, fasteignaþjónustu hf., þar sem hinn síðarnefndi tók að sér sem verktaki að annast gegn greiðslu á 34.204.652 krónum frágang innanhúss í safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju samkvæmt því, sem nánar greindi í útboðslýsing. Verktakinn samdi 31. sama mánaðar við stefnda um, að hann tæki að sér sem undirverktaki að setja upp og ganga frá loftræstilögnum í safnaðarheimilinu fyrir 2.553.013 krónur.

Meðan á framangreindu verki stóð, fékk Dröfn, fasteignaðjónusta hf., heimild til greiðslustöðvunar 12. október 1994, sem var síðan framlengd 3. nóvember sama ár til 31. janúar 1995. Eftir að félagið fékk upphaflegu heimildina til greiðslustöðvunar, munu ýmsir undirverktakar þess hafa neitað að vinna áfram við verkið vegna ótta við, að greiðslur fengjust ekki fyrir það. Aflaði félagið þá svo felldrar yfirlýsingar frá áfrýjanda 14. október 1994:

„Varðar verksamning sóknarnefndar Hafnarfjarðarkirkju og

Drafnar, fasteignaþjónustu hf., um frágang innanhúss í safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju.

Sóknarnefnd Hafnarfjarðarkirkju, kt. 590169-7069, lýsir hér með yfir, að hún samþykkir að greiða umsamdar verkhlutagreiðslur vegna ofangreinds verks beint til eftirfarandi undirverktaka og birgja (efnissala):

— — —

Undirverktökum verður greitt beint fyrir verk, sem unnin hafa verið, eftir að greiðslustöðvunin gekk í gildi 12. október 1994 og á greiðslustöðvunartímabilinu, og aðeins í fullu samræmi við samþykktan verkstöðureikning hverju sinni. Á sama hátt verður birgjum aðeins greitt fyrir efni, keypt á sama tíma. Greiðslur vegna efnis eru ekki greiðsluhæfar, fyrr en efnið er komið á byggingarstað.

Allar greiðslur til undirverktaka og birgja skulu áritaðar til samþykktar af aðstoðarmanni á greiðslustöðvunartíma, Bjarna Þór Óskarsyni hdl. Greiðslur þessar skoðast í hvert sinn sem hlutagreiðslur til Drafnar, fasteignaðjónustu hf., vegna viðkomandi verkstöðureiknings.“

Stefnda var getið meðal þrettán verktaka og efnissala, sem efni yfirlýsingarinnar tók til.

Óumdeilt er, að í kjölfar framangreindrar yfirlýsingar fékk stefndi greidda reikninga vegna þess, sem hann leysti af hendi við umrætt verk. Munu reikningar stefnda hafa verið gefnir út á hendur Dröfn, fasteignaðjónustu hf., sem gerði reglubundin yfirlit yfir greiðsluskiptingu milli stefnda og annarra undirverktaka og efnissala. Slík yfirlit voru send áfrýjanda með áritun aðstoðarmanns félagsins í greiðslustöðvun um samþykki hans, en áfrýjandi innti greiðslur samkvæmt yfirlitunum af hendi með gíróseðlum, þar sem Dröfn, fasteignaðjónusta hf., var tilgreind sem greiðandi. Gekk þetta eftir þar til í fyrri hluta janúar 1995, þegar áfrýjandi stöðvaði að mestu frekari greiðslur vegna verksins. Eftir það gaf stefndi út þrjá reikninga á hendur Dröfn, fasteignaðjónustu hf., samtals að fjárhæð 111.488 krónur, sem fengust ekki greiddir, en bú félagsins var tekið til gjaldþrotaskipta 23. janúar 1995. Í málinu leitar stefndi dóms á hendur áfrýjanda um skyldu hans til að greiða þessa reikningsfjárhæð.

## II.

Stefndi reisir kröfur sínar í málinu einkum á því, að áfrýjandi sé skuldbundinn samkvæmt framangreindri yfirlýsingu til að greiða fyrir allt það, sem stefndi vann að umræddu verki á greiðslustöðvunartíma Drafnar, fasteignaþjónustu hf.

Hver svo sem réttaráhrif framangreindrar yfirlýsingar verða að réttu lagi talin, verður ekki hjá því litið, að í henni var áskilnaður um, að þar greindur aðstoðarmaður Drafnar, fasteignaþjónustu hf., í greiðslustöðvun yrði að samþykkja allar greiðslur samkvæmt henni til undirverktaka og efnissala, áður en þær yrðu inntar af hendi, svo sem nauðsyn bar til samkvæmt 19.–21. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum var slíkt samþykki aldrei fengið fyrir greiðslunum, sem um ræðir í málinu. Þegar af þeirri ástæðu getur stefndi ekki byggt sjálfstæðan rétt til þessara greiðslna úr hendi áfrýjanda á yfirlýsingunni.

Ekkert liggur fyrir um, að Dröfn, fasteignaðjónusta hf., hafi verið leyst undan skyldum sínum við stefnda samkvæmt samningi þeirra 31. maí 1994, hvorki með framangreindri yfirlýsingu né á annan hátt. Eru því þegar af þeirri ástæðu ekki efni til að fallast á það með stefnda, að áfrýjandi hafi orðið skuldbundinn við hann vegna skuld-skeytingar.

Samkvæmt framansögðu og þar sem stefndi hefur ekki sýnt fram á, að áfrýjandi sé af öðrum sökum greiðsluskyldur við hann, verður áfrýjandi sýknaður af kröfum hans. Eftir atvikum er rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

## D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Hafnarfjarðarkirkja, er sýkn af kröfum stefnda, Harðar Harðar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

**Dómur Héraðsdóms Reykjaness 23. febrúar 1996.**

Ár 1996, föstudaginn 23. febrúar, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, kveðinn upp dómur í málinu nr. E – 936/1995: Hörður Harðar vegna Blikksmiðju Harðar gegn sóknarnefnd Hafnarfjarðarkirkju, sem dómtekið var 16. janúar sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Stefnandi er Hörður Harðar vegna einkafirma síns, Blikksmiðju Harðar, kt. 101248-3569, Eldshöfða 15, Reykjavík, en stefndi er sóknarnefnd Hafnarfjarðarkirkju, kt. 590169-7069, Suðurgötu 6, Hafnarfirði.

Umboðsmaður stefnanda er Gunnar Sturluson hdl., en umboðsmaður stefnda er Ólafur Rafnsson hdl.

## I.

### *Dómkröfur.*

1. Stefnandi krefst þess, að stefndi greiði sér skuld, að fjárhæð 208.953 kr., með dráttarvöxtum samkv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 9.181 kr. frá 6. janúar 1995 til 7. janúar 1995, en af stefnufjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi, að fjárhæð 181.500 kr.

2. Stefnandi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara er þess krafist, að kröfur stefnanda verði lækkaðar. Stefnandi krefst í báðum tilvikum, að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins, og leggist virðisaukaskattur við málflytningsspóknun.

## II.

### *Málavextir.*

Hinn 16. apríl 1994 gerði stefnandi tilboð í efni, smíði og uppsetningu á loftræstikerfi í safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju og í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Tilboðið var til Drafnar, fasteignaþjónustu hf., og hljóðaði upp á 2.553.013 kr. Í framhaldi þessa tilboðs var svo gerður samningur milli stefnanda og Drafnar, fasteignaþjónustu hf., um verkið 31. maí 1994 í samræmi við tilboðið. Á grundvelli útboðs, þar sem Dröfn, fasteignaþjónusta hf., átti lægsta tilboð, var gerður verksamningur milli hlutafélagsins og stefnda, þar sem félagið tekur að sér frágang innanhúss í safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju samkvæmt útboðslýsingu. Ekki var stefnandi aðili að samningi þessum, heldur undirverktaki hjá hlutafélaginu með framangreindum verksamningi við það 31. maí 1994. Stefnandi hafði svo unnið við loftræstikerfið, svo sem um var samið, þar til Dröfn, fasteignaþjónusta hf., var með dómsúrskurði 12. október 1994 veitt heimild til greiðslustöðvunar. Samkvæmt úttekt, sem gerð var af Kristjáni Stefánssyni, eftirlitsaðila stefnda, á verkstöðu á byggingarstað þann dag, m. a. á loftræstikerfi, voru loftstokkar komnir í húsið, en eftir var að setja upp ristar í loftklæðningar, vegg og gólf og tengja við stokka. Enginn stjórnbúnaður við hita- og loftræstikerfi var kominn upp. Eftir að Dröfn, fasteignaþjónusta hf., fékk greiðslustöðvun, höfðu undirverktakar að mestu haldið að sér höndum, þar sem þeim þótti ótryggt, að þeir fengju umsamdar greiðslur fyrir verk sín. Þá hafði stefndi 14. október 1994 gefið út yfirlýsingu, þar sem því er lýst yfir,

að stefndi samþykkti að greiða umsamdar verkhlutagreiðslur vegna frágangs innanhúss í safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju beint til tilgreindra undirverktaka hjá Dröfn, fasteignaþjónustu hf., þ. á m. stefnanda, en aðstoðarmaður hlutafélagsins í greiðslustöðvun átti að samþykkja reikninga fyrir greiðslu. Aðstoðarmaðurinn, Bjarni Þór Óskarsson hdl., hafði svo 18. október 1994 með bréfi tilkynnt kröfuhöfum hlutafélagsins um greiðslustöðvunina og boðað til fundar með lánardrottnum um greiðslustöðu félagsins. Með bréfinu hafði fylgt yfirlýsing frá forsvarsmönnum hlutafélagsins, þar sem þess var farið á leit við undirverktaka félagsins, að þeir héldu áfram vinnu við safnaðarheimilið, enda nytu samþykktar kröfur aðstoðarmanns forgangs fram yfir flestar kröfur.

Stefnandi hélt áfram vinnu við verkið, eftir að yfirlýsing var gefin út, og fékk út gefna reikninga greidda framan af, en reikningar fyrir unnin störf og efni, sem hann gaf út 6. og 7. janúar 1995 við verklok og framvísaði til greiðslu hjá Dröfn, fasteignaþjónustu hf., sem fyrr, höfðu ekki fengist greiddir. Höfðu þeir verið framsendir til Bjarna Þórs Óskarssonar hdl., sem þá hafði tilkynnt, að engar frekari greiðslur yrðu inntar af hendi til undirverktaka Drafnar, fasteignaþjónustu hf., sem svo var úrskurðuð gjaldþrota af Héraðsdómi Reykjaness 23. janúar 1995. Lögmaður stefnanda hafði sent stefnda innheimtubríf vegna skuldarinnar, en því verið svarað af lögmanni stefnda, og var greiðslu hafnað á þeim grundvelli, að fullnaðaruppgjör hefði farið fram við þrotabú Drafnar, fasteignaþjónustu hf. Framangreind yfirlýsing frá stefnda, merkt dskj. nr. 3, var gefin að ósk Bjarna Þórs Óskarssonar hdl., aðstoðarmanns Drafnar, fasteignaþjónustu hf., á greiðslustöðvunartíma, að því er kemur fram í greinargerð stefnda. Ætlunin með yfirlýsingunni hafi verið að auka tiltrú undirverktaka á aðalverktaka með því að tryggja greiðslufyrirkomulag reikninga undirverktakanna á þann hátt, að þeir færu ekki um hendur forsvarsmanna aðalverktakanna.

Framangreind yfirlýsing hafi engu breytt um verksamning stefnda og Drafnar, fasteignaþjónustu hf., þ. e. vinna skv. samningnum, fjárhæðir og skilyrði fyrir greiðslum voru óbreytt. Greiðsla til verktaka skyldi aldrei nema hærri fjárhæð en verkstöðureikningur næmi samkvæmt úttekt verkkaupa hverju sinni. Feli yfirlýsingin það í sér, að aðstoðarmaður í greiðslustöðvun Drafnar, fasteignaþjónustu hf., myndi láta verkkaupa í té sundurliðun á því, hvernig greiðslan skiptist á milli undirverktaka félagsins, og að ráðstöfun verkhlutagreiðslanna færi fram skv. fyrirmælum aðstoðarmanns beint til undirverktaka í stað þess að fara um hendur fyrirsvarsmanna aðalverktaka.

Um hafi verið að ræða breytingu á greiðslufyrirkomulagi, en það feli

ekki í sér neinar samningsskuldbindingar á milli aðila máls þessa. Hafi greiðslur farið þannig fram, að umsjónarmaður með greiðslustöðvun aðalverktakans sendi verkkaupa sundurliðað yfirlit yfir, hvert greiðslunum skyldi ráðstafað, og fylgdu með gíróseðlar, þar sem Dröfn, fasteignaþjónusta hf., var tilgreind sem greiðandi. Á sama hátt gáfu undirverktakar áfram út reikninga sína til aðalverktakans, Drafnar, fasteignaþjónustu hf., og aðalverktaki gerði verkkaupareikning eins og fyrr. Hið eina, sem breyttist, hafi verið framangreint greiðslufyrirkomulag og stefnda mátti það einu gilda, hvort hann greiddi eina greiðslu viðsemjanda sínum, verktakanum, eða sundurliðaði greiðsluna á nokkra aðila skv. fyrirmælum og gögnum umsjónarmanns með greiðslustöðvun verktakans.

Aðferð við greiðslu reikninga var á þann hátt, að stefnda búrúst yfirlitsblöð um skiptingu verkhlutagreiðslu frá aðstoðarmanni á greiðslustöðvunartímabili, og fylgdu yfirlitsblöðunum gíróseðlar í samræmi við þá skiptingu. Var Dröfn, fasteignaþjónusta hf., tilgreind sem greiðandi á gíróseðlum, og eftir að gjaldkeri sóknarnefndar hafði greitt seðlana, voru þeir afhentir með árituðum bankastimpli Drafnar, fasteignaþjónustu hf., gegn kvittun um, að viðeigandi verkhlutareikningar Drafnar, fasteignaþjónustu hf., væru að fullu greiddir.

Við uppgjör reikninga hafi verið haldið eftir 5% af reikningsfjárhæð hverju sinni sem geymslugreiðslu fram til verkloka, að því er fram kemur hjá stefnanda, og því sundurliðast krafa hans þannig, að 97.465 kr. eru vegna geymslugreiðslunnar, en 9.181 kr. vegna 6. janúar 1995, 18.000 kr. vegna reiknings 7. janúar 1995 og 84.307 kr. vegna reiknings sama dag.

### III.

#### *Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Stefnandi reisir kröfu sína á tveimur meginmálsástæðum. Í fyrsta lagi hafi stefndi með yfirlýsingu sinni 14. október 1994 tekið á sig ábyrgð gagnvart stefnanda á greiðslu verkkaups, eftir að Dröfn, fasteignaþjónusta hf., fékk greiðslustöðvun. Hafi stefndi ofgreitt Dröfn, fasteignaþjónustu hf., vegna verksamningsins, sé sú ofgreiðsla á ábyrgð stefnda og stefnanda með öllu óviðkomandi. Ekki tjóir því fyrir stefnda að bera það fyrir sig, að ekki verði greitt fyrir verk undirverktaka, vegna þess að Dröfn hafi verið greitt fyrir vinnu undirverktaka, eftir að yfirlýsingin var gefin út.

Í öðru lagi skírskotar stefnandi til þess, að samkvæmt íslenskum staðli (ÍST-30), reglu 34.8.1., sé kominn á verksamningur milli verkkaupa og undirverktaka, og hafi verkkaupi samþykkt undirverktakann samkvæmt reglu 12.1.1. Telur stefnandi, að með yfirlýsingu sinni, þar sem undirverktakar eru tilgreindir sérstaklega, hafi stefndi samþykkt hann sem undirverk-

taka í skilningi reglu 12.1.1., og því beri hann einnig ábyrgð á grundvelli verksamnings á milli aðila.

Grundvallarskyldur aðila verksamnings eru þær, að verktaki vinni um-samið verk og verkkaupi greiði verkkaupið. Stefnandi hefur lokið við verk-ið, sem hann tók að sér að vinna, og á því skýra kröfu til verkkaupsins. Með yfirlýsingunni 14. október 1994 tók stefndi að sér greiðsluskyldu Drafnar, fasteignaþjónustu hf., gagnvart undirverktökum, og á stefnandi því kröfu til greiðslu hjá stefnda. Um samningssamband stefnda og Drafnar, fasteignaþjónustu hf., vegna umræddrar yfirlýsingar varðar stefnanda ekkert að öðru leyti.

Áskilnaður yfirlýsingarinnar frá 14. október 1994, að Bjarni Þór Óskars-son þurfi að samþykkja reikninga, áður en þeir séu greiddir, girðir eigi fyrir greiðsluskyldu stefnda, nema stefndi geti bent á réttmæta ástæðu til að greiða ekki, svo sem að verkinu sé ábótavant. Þótt stefndi hafi greitt verk-kaupið þrotabúi Drafnar, fasteignaþjónustu hf., þá leysir það hann eigi und-an greiðsluskyldu gagnvart stefnanda og er ekki réttmæt ástæða fyrir Bjarna Þór Óskarsson til að neita að samþykkja reikninga.

Krafa stefnanda um dráttarvexti er studd III. kafla laga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989 um breytingu á þeim lögum.

Um aðild og fyrirsvar vísast til 4. tl. 17. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði.

Málskostnaðarkrafa stefnanda er miðuð við 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði.

#### IV.

##### *Málsástæður og lagarök stefnda.*

Stefndi reisir sýknukröfur sínar á aðildarskorti skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði. Telur stefndi, að aldrei hafi komist á samningssamband á milli stefnanda og stefnda og kröfum því ranglega beint að stefnda í máli þessu. Auk þess færir stefndi fram eftirfarandi máls-ástæður fyrir kröfum sínum:

a. Stefndi heldur því fram, að ekki hafi getað komist á samningssamband milli aðila með yfirlýsingu stefnda. Samningur stefnanda og Drafnar, fasteignaþjónustu hf., hafi aldrei verið lagður til grundvallar samskiptum stefn-anda og stefnda né samningur Drafnar, fasteignaþjónustu hf., við stefnda. Hafi verið ætlunin að koma á samningssambandi milli stefnanda og stefnda, er atbeini aðstoðarmanns í greiðslustöðvun óþarfur og reyndar óskiljan-legur í ljósi þess, að stefndi studdist sem fyrr við eigin verkstöðuúttektir og efnisatriði samnings stefnda og Drafnar, fasteignaþjónustu hf., þegar fjár-hæð þeirrar greiðslu, er verktaka bar, var samþykkt af stefnda.

b. Stefndi bendir á, að öll skjöl málsins beri það með sér, að ekkert samningssamband hafi tekist milli stefnanda og stefnda með títtnefndri yfirlýsingu. Allir reikningar stefnanda hafi verið gefnir út til aðalverktakans, Drafnar, fasteignaþjónustu hf., bæði fyrir og eftir upphaf greiðslustöðvunar. Hið sama sé að segja um gíróseðla, er fylgdu reikningunum. Telur stefndi, að stefnandi geti ekki gefið út reikninga á annan aðila en sinn viðsemjanda og að í ljósi þess verði að meta ágreining um skuldbindingar af hálfu stefnda stefnanda í óhag og leggja ríkari sönnunarbyrði á herðar stefnanda.

Þá sé ekkert í yfirlýsingu á dskj. 3, sem gefi vísbendingu um greiðsluábyrgð stefnda eða nokkra aðra skuldbindingu umfram það, að fallist sé á að skipta greiðslum til aðalverktaka í nokkra hluta, er berist undirverktaka. Dskj. nr. 3 sé í yfirlýsingarformi, þar sem stefndi „samþykkir“ að greiða greiðslur á tiltekinn hátt skv. beiðni aðstoðarmanns í greiðslustöðvun.

c. Stefndi fullyrðir, að dómkröfur stefnanda séu rangar og tillit ekki tekið til þeirrar skuldar, sem Dröfn, fasteignaþjónusta hf., stóð í við stefnanda á þeim tíma, er félagið fékk greiðslustöðvun og yfirlýsing stefnda var gefin út. Ágreiningslaust ætti að vera, að yfirlýsingin getur ekki á nokkurn hátt falið í sér ábyrgð á vangoldnum greiðslum fyrir þann tíma. Er því skorað á stefnanda að leggja fram gögn, er sýni viðskiptastöðu hans við Dröfn, fasteignaþjónustu hf., pr. 12. 10. 1994.

d. Stefndi staðhæfir, að fullnaðaruppgjör hafi farið fram vegna verksins og allar greiðslur skv. verksamningi inntar af hendi af hálfu verkkaupa. Engin auðgun hafi orðið af hálfu stefnda og fullar efnir af hálfu stefnda sem verkkaupa í samræmi við verksamning. Stefndi vísar til þess, að efnir skv. verksamningi hafi fullnægt að öllu leyti viljayfirlýsingu þeirri, er stefndi gaf með yfirlýsingu á dskj. nr. 3.

e. Stefndi er þess fullviss, að í hvívetna hafi verið farið eftir því ferli við greiðslu reikninga, sem tilgreint er í hinni umstefndu yfirlýsingu stefnda, þ. e., að allar greiðslur, sem hafi verið í fullu samræmi við samþykktan verkstöðureikning hverju sinni og áritaðar og samþykktar af aðstoðarmanni á greiðslustöðvunartíma, hafi verið greiddar fullkomlega í samræmi við yfirlýsinguna. Stefnandi sé með dómkröfum sínum í raun að krefjast greiðslna umfram yfirlýsinguna.

f. Dómkröfum stefnanda þykir stefnda rétt að mótmæla, m. a. á þeim grundvelli, að um sé að ræða 5% geymslufé, er fallið hafi til bæði fyrir og eftir upphaf greiðslustöðvunar. Öðrum reikningum stefnanda er mótmælt á þeim grundvelli, að þeir séu ýmist greiddir að fullu eða hafi ekki verið samþykktir af aðstoðarmanni á greiðslustöðvunartíma, og þar með falli þeir

ekki undir yfirlýsingu á dskj. 3. Reikningum stefnanda er enn fremur mótmælt á þeim forsendum, að þeir feli í sér verkþætti, sem sé ekki að finna í útboðsgögnum stefnda.

Í stefnu er gefið í skyn, að ástæða höfnunar lögmanns stefnda á kröfum stefnanda í innheimtubréfi hafi einungis verið á grundvelli þess, að fullnaðaruppgjör hefði farið fram við þrotabú Drafnar, fasteignaþjónustu hf. Er framsetningu þessari mótmælt, enda koma skýrt fram fleiri höfnunarástæður fyrir kröfum stefnanda, þ. á m. einkum sú, að ekkert samningssamband hafi verið við stefnanda.

Í stefnu er þess getið, að grundvallarskyldur aðila verksamnings séu þær, að verktaki vinni umsamið verk og verkkaupi greiði verkkaupið. Á grundvelli þess, að stefnandi kveðst hafa lokið við verk sitt, gerir hann kröfu til verkkaupsins. Verksamningur sá, er stefnandi vísar til, er á hinn bóginn ekki við stefnda, heldur Dröfn, fasteignaþjónustu hf., og ber stefnanda að beina kröfum sínum að þeim aðila. Ágreiningslaust er, að stefndi hefur fullnægt framangreindum „grundvallarskyldum“ sínum, þ. e. greitt samninginn að fullu.

Stefndi telur, að yfirlýsing forsvarsmanna Drafnar, fasteignaþjónustu hf., er stefnandi hefur lagt fram sem fylgiskjal með dskj. nr. 4, feli í sér, að forsvarsmenn félagsins hafi ásamt aðstoðarmanni á greiðslustöðvunartíma sannfært undirverktaka um, að ekki væri ástæða til að óttast um verklaun vegna vinnu á greiðslustöðvunartíma. Þetta hafi verið hin raunverulega trygging, sem undirverktakar, þ. á m. stefnandi, hafi talið sig hafa fyrir greiðslum, en yfirlýsing stefnda á dskj. 3 hafi einungis verið framkvæmdaratriði á þann veg að tryggja atbeina aðstoðarmanns á greiðslustöðvunartíma við greiðslur til undirverktaka. Yfirlýsing stefnda miðar einungis að því að auðvelda aðstoðarmanni á greiðslustöðvunartíma eftirlit og framkvæmd uppgjors á þann hátt, að aðstoðarmaður tilgreindi stefnda, hver skyldi fá hversu mikið.

Af hálfu stefnda var ekkert slíku fyrirkomulagi til fyrirstöðu gagnvart aðstoðarmanni á greiðslustöðvunartíma, sem fór fram á yfirlýsinguna, enda fól yfirlýsingin í sér nauðsynlegan fyrirvara um, að ekki yrði greitt meira en verkstaða gagnvart aðalverktaka sýndi. Stefndi hefur ekki hugmynd um samsetningu eða önnur kjör í verksamningum aðalverktaka við undirverktaka og telur þau sér óviðkomandi.

Yfirlýsing á dskj. 3 var gefin út af stefnda til aðstoðarmanns á greiðslustöðvunartímabili, Bjarna Þórs Óskarssonar hdl., og hefur stefndi lagt fram sem dskj. nr. 13 frumuppkast Bjarna að yfirlýsingunni. Eins og ljóst kemur fram við samanburð á endanlegri útfærslu yfirlýsingarinnar á dskj. 3, miða

allar breytingar að því að takmarka orðalag yfirlýsingarinnar við samþykki stefnda við að annast tiltekið greiðslufyrirkomulag í stað orðalagsins „skuldbindur sig“ í upphaflegu uppkasti. Auk þess eru settir skýrir fyrirvarar um, að greiðslur teljist hlutagreiðslur til Drafnar, fasteignaþjónustu hf.

Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að nokkrum undirverktaka hafi verið ofgreitt í verki þessu skv. yfirlýsingu á dskj. 3. Í ljósi þess verður ekki annað séð en hugsanlegt sé, að stefnandi sé að krefjast þess, að hann öðlist betri rétt en aðalverktaki, Dröfn, fasteignaþjónusta hf., átti. Slíkt telur stefndi ekki hugsanlegt. Hafi á hinn bóginn ekki verið tap á verkinu, er ljóst, að ábyrgð á rangri skiptingu greiðslna hvílir á öðrum en stefnda. Hið sama á við, ef samþykktir hafa verið reikningar vegna vinnu, sem unnin var utan greiðslustöðvunartímabilsins.

Tilvísanir stefnanda til ÍST-30 eru ekki vel skiljanlegar, en vísað er til ákvæða, sem varða samskipti aðalverktaka og undirverktaka („þjóðanda“ og „undirverktaka“ skv. grein 38.1.0.) og gera ekki annað en staðfesta þær málsástæður stefnda, að samningssamband sé ekki á milli stefnda og stefnanda. Samþykki verkkaupa á undirverktaka er algerlega óskýlt því að taka upp beint samningssamband milli aðila. Reyndar vísar stefnandi til greinar 38.1.1., sem felur í sér tilvik, þegar þau samskipti eiga ekki við. Er hér um að ræða aðra tveggja meginmálsástæðna stefnanda og vekur upp spurningar um það, hvort stefnandi hafi litið svo á fram að útgáfu yfirlýsingarinnar á dskj. 3, að stefndi hafi ekki samþykkt hann sem undirverktaka við verkið. Stefndi telur þessar tvær meginmálsástæður stefnanda stangast á og mótmælir því reyndar, að um skuldbreytingu hafi verið að ræða skv. grein ÍST-30, 12.1.1. Þrátt fyrir það að stefnandi líti þannig á málin, gefur hann alla reikninga sína áfram út til aðalverktaka og beinir engum samskiptum til stefnda á þeim tíma, eins og honum hefði verið skylt skv. fjölmörgum ákvæðum ÍST-30, sem stefnandi fer eftir í máli þessu.

Ummælum í stefnu þess efnis, að áskilnaður yfirlýsingar um samþykki aðstoðarmanns í greiðslustöðvun hafi ekkert gildi, er mótmælt. Telur stefnandi, að skortur samþykkis girði ekki fyrir greiðsluskyldu stefnda. Stefndi telur fráleitt, að stefnandi geti á slíkan hátt valið sér einangraðar setningar úr skjali til þess að reisa rétt sinn á.

Stefndi reisir dómkröfur sínar á lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði og reglum kröfuréttar og almennum reglum fjármunaréttarins.

Krafa um málskostnað er reist á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði.

Stefndi styður kröfur sínar um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun ákvæðum laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, en stefndi í máli þessu er

ekki virðisaukaskattsskyldur. Ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir þeirri kröfu sinni.

## V.

*Sönnunargögn.*

Stefnandi í málinu gaf skýrslu hér fyrir dómi, og vitni báru Kristján Stefánsson tæknifræðingur, Suðurvangi 7, Hafnarfirði, kt. 141245-4069, og Bjarni Þór Óskarsson héraðsdómslögmaður, Hvassaleiti 28, Reykjavík, kt. 190855-7599, en svo sem að framan er rakið, var vitnið Kristján eftirlitsmaður stefnda með innréttingu safnaðarheimilisins, en vitnið Bjarni Þór aðstoðarmaður í greiðslustöðvun Drafnar, fasteignaþjónustu hf. Í framburði stefnanda og vitnanna kemur fram ólík túlkun á yfirlýsingunni, merktri dskj. nr. 3, sem er svohljóðandi:

„Varðar verksamning sóknarnefndar Hafnarfjarðarkirkju og Drafnar, fasteignaþjónustu hf., um frágang innanhúss í safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju.

Sóknarnefnd Hafnarfjarðarkirkju, kt. 590169-7069, lýsir hér með yfir, að hún samþykkir að greiða eftirfarandi undirverktökum og birgjum (efnissölum) beint umsamdar verkhlutagreiðslur vegna ofangreinds verks:

Rennsli hf.,  
 Rafsýn hf.,  
 Gifspússning,  
 Ragnar Hafliðason,  
 Dröfn, skipaþjónusta hf.,  
 Blikk hf.,  
 Blikksmiðja Harðar,  
 Hilmar Kristjánsson,  
 Efnissalan hf.,  
 Pýsk – íslenska hf.,  
 Áseta hf.,  
 S. Helgason hf.,  
 Íslenska verslunarfélagið hf.

Undirverktökum verður greitt beint fyrir verk, sem unnin hafa verið, eftir að greiðslustöðvun gekk í gildi 12. október 1994 og á greiðslustöðvunartímabili, og aðeins í fullu samræmi við samþykktan verkstöðureikning hverju sinni. Á sama hátt verður birgjum aðeins greitt fyrir efni keypt á sama tíma. Greiðslur vegna efnis eru ekki greiðsluhæfar, fyrr en efnið er komið á byggingarstað. Allar greiðslur til undirverktaka og birgja skulu áritaðar til samþykktar af aðstoðarmanni á greiðslustöðvunartíma,

Bjarna Þór Óskarssyni hdl. Greiðslur þessar skoðast í hvert sinn sem hlutagreiðslur til Drafnar, fasteignaþjónustu hf., vegna viðkomandi verkstöðureikninga.“

Vitnið Kristján Stefánsson kvaðst hafa samið yfirlýsinguna og samþykkt fyrir hönd stefnda, og hafi þetta verið gert að ósk aðalverktaka, Drafnar, fasteignaðjónustu hf. Björgvin Magnússon, deildarstjóri hjá félaginu, hefði talað við sig, eftir að félagið fékk greiðslustöðvun, og talað um, að eitthvað þyrfti að gera til að auka tiltrú á félaginu, en óróa var farið að gæta í liði undirverktaka eftir greiðslustöðvun. Höfðu flestir þeirra hætt framkvæmdum, meðan óvíst var um tryggingar fyrir því, að greiðslur fengjust fyrir þau verk, sem unnin yrðu eftir greiðslustöðvun. Hefði Björgvin lagt áherslu á, að félagið þyrfti að fá yfirlýsingu frá stefnda, þar sem fram kæmi, að greiðslur frá stefnda færu beint til undirverktaka sem hlutagreiðslur miðað við verksamning hlutaðeigandi verktaka við félagið og hvernig verkinu miðaði áfram. Átti félagið að útbúa yfirlit um greiðsluskiptinguna, sem Bjarni Þór Óskarsson samþykkti, og á grundvelli þess myndi stefndi svo greiða undirverktökum með giróseðlum, sem útbúnir væru í samræmi við greiðsluskiptinguna, en mismunurinn færi svo til félagsins. Kvað vitnið uppkast að yfirlýsingu um þetta hafa borist sér frá félaginu eftir samtal sitt við Björgvin og taldi, að Bjarni Þór hefði einnig samið efni þess. Sjálfur hefði hann svo samið yfirlýsinguna með hliðsjón af uppkastinu, en breytt því að nokkru leyti, svo sem, að stefndi samþykkti í stað þess að skuldbinda sig til að greiða undirverktökum beint umsamdar verkhlutagreiðslur, og svo bætt við þremur setningum í lokin, þar sem áréttað sé, að greiðslur vegna verkstöðureikninga gengju beint til undirverktaka og bæri að skoða í hvert sinn sem hlutagreiðslur til Drafnar, fasteignaðjónustu hf. Kvað hann yfirlýsingunni hafa verið beint til þess félags og ekki ætlunin með henni verið, að neitt samskiptasamband myndaðist milli stefnda og undirverktaka, þó að hann hefði gert ráð fyrir, að yfirlýsingin bærist þeim. Kvaðst hann eingöngu hafa farið yfir þær fjárhæðir, sem greiddar voru einstökum verktökum, og aðgætt, hvort þær væru í samræmi við útreikninga á yfirlitinu um greiðsluskiptingu, en ekki hafa haft neinn grundvöll til að meta greiðsluskiptinguna. Ekki kvaðst hann heldur hafa séð tilboð stefnanda til Drafnar, fasteignaðjónustu hf., og einungis stuðst við verksamning félagsins og stefnda og svo samþykktu verkstöðureikninga. Þeir hefðu verið yfirfarnir af Björgvin, starfsmanni félagsins, sem kannað hefði, hvort þeir væru í samræmi við framgang hlutaðeigandi verks, og svo verið samþykktir af aðstoðarmanni í greiðslustöðvun.

Vitnið kvað yfirlit um greiðsluskiptingu miðað við verkstöðu, nr. 19 eða

dskj. nr. 21, hafa verið síðustu rúkkun, sem hann hefði fengið fyrir lokauppgjör, en milliúttekt á verkinu í heild hafi farið fram 29. desember 1994. Þá hefðu verið eftir nokkrir þættir í blikki, sem stefnandi hefði svo gengið í og lokið fyrir 16. janúar 1995, sbr. reikninga hans, dskj. nr. 9 og 10. Vitnið kvað hafa miðað hægt hjá Dröfn, fasteignaþjónustu hf., að standa við verksamning sinn á þessum tíma, en þá hefðu verið eftir 3% af samningsverkinu og hann gert félaginu ljóst, að næstu reikningar skv. verksamningi yrðu loka-reikningar. Stefndi myndi ekki greiða fleiri framvindureikninga, þar sem svo lítið væri eftir af verkinu og því yrði að ljúka áður, og hann einungis greitt þrjá aukareikninga. Lokareikningur hefði svo komið 28. febrúar 1995, þar sem lokið hefði verið við framvinduna.

Aðspurt, hvers vegna reikningar stefnanda, merktir dskj. nr. 8–10, hefðu ekki verið greiddir, kvað vitnið lokareikning vegna verksins hafa verið greiddan Hlöðver Kjartanssyni, bústjóra í þrotabúi Drafnar, fasteignaðjónustu hf., og þá staðið eftir fjárhæð fyrir verkþætti, sem lendi í lokauppgjöri og hefðu ekki verið reikningsfærðir hjá Dröfn, fasteignaðjónustu hf., fyrir 22. febrúar 1995.

Hörður Harðar, stefnandi í málinu, kvaðst hafa lokið sínum verkþætti skv. verksamningi við Dröfn, fasteignaðjónustu hf., á greiðslustöðvunartíma, fyrir áramót 1994–1995, og séu reikningar merktir dskj. nr. 8–10 vegna verklokanna. Hann kvaðst hafa stílað reikningana á hlutafélagið og framvísað þeim við Björgvin Magnússon, deildarstjóra þar, svo sem um var talað á greiðslustöðvunartíma. Greiðslur reikninga á þeim tíma hefðu komið reglulega þar til síðast, að vitnið Kristján Stefánsson hefði lýst yfir, að ekki yrði um frekari greiðslur að ræða, fyrr en hlutafélagið hefði skilað af sér, og þetta gengið svona, þar til félagið var úrskurðað gjaldþrota 23. janúar 1995. Hann kvaðst áður og eftir það hafa reynt að innheimta skuldir samkvæmt reikningum hjá stefnda, talað þar við gjaldkera hans og skilist á honum, að hann héldi eftir peningum, sem hlutafélaginu hefðu ekki verið greiddir og ættu að fara til undirverktaka. Hann kvaðst hafa talið yfirlýsinguna frá stefnda, merkta dskj. nr. 3, gott og gilt plagg um öruggar greiðslur til þeirra undirverktakanna og gulltryggar með þessari skuldbindingu stefnda. Hann kvaðst hafa fengið yfirlýsinguna í pósti eftir 18. október 1994, en áður fengið bréf frá Bjarna Þór Óskarssyni hdl., aðstoðarmanni Drafnar, fasteignaðjónustu hf., í greiðslustöðvun, merkt dskj. nr. 4, en því fylgdi yfirlýsing frá Dröfn hf., Dröfn, skipaðjónustu hf., og Dröfn, fasteignaðjónustu hf., sem og er undirrituð af Bjarna Þór hdl., aðstoðarmanni í greiðslustöðvun, þar sem þetta kemur fram:

„Skipasmíðastöðin Dröfn hf., Dröfn, skipaðjónusta hf., og Dröfn, fast-

eignaþjónusta hf., hafa fengið heimild til greiðslustöðvunar. Réttaráhrif greiðslustöðvunar eru m. a. þau, að óheimilt er að greiða skuldir, sem orðið hafa til fyrir upphaf greiðslustöðvunarinnar, þ. m. t. kröfur verk-taka, sem eru vegna vinnu, er unnin hefur verið fyrir upphaf greiðslu-stöðvunarinnar. Því er nauðsynlegt, að gerðir séu aðskildir reikningar vegna vinnu fyrir og eftir upphaf greiðslustöðvunarinnar.

Skv. 4. tl. 110. gr. 1. nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. njóta kröfur, sem stofnað er til með samþykki aðstoðarmanns á greiðslustöðvunartíma og telja má vera til hagsbóta lánardrottnum þess, sem nýtur greiðslu-stöðvunarinnar, forgangs umfram flestar aðrar kröfur. Samþykki að-stoðarmannsins er háð því, að hann telji, að svo sé.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi upplýsingum um stöðu félaganna er talið, að unnt verði að greiða allar eldri kröfur við lok greiðslustöðvunar. Má því telja, að kröfur, sem stofnast á greiðslustöðvunartíma, séu mjög vel tryggar og verði greiddar, jafnvel þó að til gjaldþrots komi, sem lítil ástæða er til að óttast. Þessar kröfur verða enda greiddar á greiðslustöðv-unartíma, eftir því sem þær gjaldfalla.

Forsenda þess, að eldri kröfur fái greiddar að fullu, er þó sú, að rekstur félaganna geti haldið áfram á greiðslustöðvunartíma. Stjórnendur félaganna beina því þeim tilmælum til verktaka og birgja, að þeir leggi sitt af mörkum, svo að þetta sé unnt, með því að halda áfram viðskiptum við félögin á greiðslustöðvunartíma án breytinga á viðskiptakjörum.

Stjórnendur félaganna munu að sama skapi leggja ríka áherslu á, að greiðslur berist sem hraðast þeim aðilum, sem verða fyrir því að fá ekki inneignir sínar greiddar á greiðslustöðvunartíma vegna þeirra krafna, sem stofnast hafa fyrir þann tíma, svo að rekstur þeirra verði fyrir sem minnstum skakkaföllum af völdum greiðslustöðvunarinnar.“

Hann hefði ekki talað við forsvarsmann stefnda, eftir að hann fékk yfirlýsinguna, merкта dskj. nr. 3, og ekki litið svo á, að hann væri kominn með beinan verksamning við stefnda, heldur væri hann áfram með verk-samning við Dröfn, fasteignaþjónustu hf. Hann hefði talað við starfsmenn hlutafélagsins og þeir rætt um, að hann sendi áfram reikninga til hlutafé-lagsins þrátt fyrir yfirlýsinguna á dskj. nr. 3. Yrði þetta samantekið og sam-þykkt, og svo færi það til vitnisins Kristjáns Stefánssonar, sem samþykkti reikninga, og eftir það myndi stefndi leggja greiðslurnar skv. reikningum inn á bankareikning hjá honum. Hann hefði í lokin gert tilraun til að fá að-stoðarmanninn í greiðslustöðvun til að skrifa upp á reikningana, merкта dskj. nr. 8 – 10, en hann á því tímabili farið frá og Hlökkver Kjartansson hdl.

tekið við málum félagsins sem bústjóri. Hann hélt því fram, að hann hefði talað nokkrum sinnum síðar við Bjarna Þór og hann sagt, að búið væri að skrifa upp á reikningana og koma þeim til vitnisins Kristjáns Stefánssonar, sem hefði ekki mótmælt því, er hann talaði við hann, en sagt, að ekki yrði gert upp, fyrr en Dröfn, fasteignaþjónusta hf., skilaði af sér. Hafði geymslufé ekki í fyrstu verið tekið af greiðslu til hans og hann ekki haft lista um, hvernig þær aftektir væru sundurliðaðar.

Vitnið Bjarni Þór Óskarsson kvaðst ekki sjálfur hafa óskað eftir yfirlýsingunni, merktri dskj. nr. 3, en undirverktakar verið áhyggjufullir vegna þess, að greiðslur frystust, sem þeir áttu inni við greiðslustöðvun, og einnig um framhald verksins, en það þá orðið úr, að yfirlýsingin var gefin út. En áður hefði hann fregnað, að undirverktakar vildu ekki vinna áfram né ef til vill birgjar leggja til efni, nema einhver slík trygging lægi fyrir um greiðslu á greiðslustöðvunartíma. Vitnið kvaðst ekki hafa lagt neinn sérstakan skilning í þessa yfirlýsingu, en talið hana þjóna ágætlega hagsmunum Drafnar, fasteignaþjónustu hf., á greiðslustöðvunartíma, þar sem hún hefði orðið til þess, að skuldir við undirverktaka söfnuðust ekki upp á greiðslustöðvunartíma og þeir fengju greiðslur jafnharðan frá stefnda, eftir að hann hefði farið yfir reikningana. Vitnið kvaðst aðallega hafa gætt þess, að ekki væri verið að greiða fyrir verk, sem unnin voru fyrir greiðslustöðvun, eða fyrir verk, sem var verið að vinna upp, en hafði áður verið greitt fyrir. Hann kvað fyrst hafa verið kannað, hvort reikningar væru í samræmi við það verk, sem unnið hafði verið, en þegar það lá fyrir, var gengið frá greiðsluskiptingu milli undirverktaka, og svo hafi afgangurinn gengið til aðalverktaka. Hefði skiptingin verið á ábyrgð Drafnar, fasteignaþjónustu hf., og hann skrifað upp á yfirlitið um hana að höfðu samráði við Björgvin Magnússon, deildarstjóra hjá hlutafélaginu.

Vitnið vissi ekki, hvers vegna reikningar nr. 8–10 lentu ekki í uppgjöri, en taldi helst, að reikningarnir hefðu ef til vill verið fyrir verk, sem búið hefði verið að greiða fyrir áður. Hann kvað yfirlýsinguna, sem fylgdi bréfi sínu, merкта dskj. nr. 4, hafa haft áhrif um það, að undirverktakar héldu áfram vinnu, en minnti, að hún ein hefði samt ekki dugað til þess. Hann kvað ekki hafa verið ætlunina, að stefndu tvíborguðu, en vafi gæti verið, hvort stefndu hefði verið heimilt að greiða þrotabúi Drafnar, fasteignaþjónustu hf., þrátt fyrir yfirlýsinguna, merкта dskj. nr. 3.

Á dómskj. nr. 26 er skrá yfir lýstar kröfur í þb. Drafnar, fasteignaþjónustu hf., og er stefnandi ekki á þeim lista með kröfur þær, sem hér er fjallað um.

Á dómskj. nr. 25 er yfirlit reikninga, sem stefnandi hafði lagt fram til

greiðslu hjá Dröfn, fasteignaþjónustu hf., fram að því, að félagið fékk greiðslustöðvun, og nemur fjárhæð þeirra alls 2.507.647 krónum, og af því hefði hann fengið greiddar 2.391.593 krónur fyrir greiðslustöðvun. Á greiðslustöðvunartíma voru honum að auki greiddir reikningar, að fjárhæð 73.200 krónur.

## VI.

### *Álit réttarins.*

Í máli þessu verður að skoða yfirlýsingarnar, merktar dskj. nr. 3 og 4, í samhengi og hafa hliðsjón af tilefni útgáfu þeirra. Í yfirlýsingunni, merktri dskj. nr. 4, sem beint er til allra kröfuhafa Drafnar, fasteignaþjónustu hf., við greiðslustöðvun, segir m. a., að telja megi, að kröfur, sem stofnist á greiðslustöðvunartíma, séu mjög vel tryggar og verði greiddar, jafnvel þó að til gjaldþrots komi, sem lítil ástæða sé til að óttast. Þessar kröfur verði greiddar á greiðslustöðvunartíma, eftir því sem þær falla. Í tengslum við þessa yfirlýsingu og að kröfu undirverktaka Drafnar, fasteignaþjónustu hf., og að beiðni félagsins gefur stefndi út yfirlýsingu, merkta dskj. nr. 3. Í yfirlýsingunni er vísað til verksamnings stefnda og aðalverktakans, Drafnar, fasteignaþjónustu hf., og þar tekur stefndi að sér að greiða þar greindum undirverktökum beint fyrir verk unnin á greiðslustöðvunartímabilinu að fullnægðum þar greindum skilyrðum. Fram hefur komið, að tilgangurinn með þessu var að koma í veg fyrir, að greiðslur þær, sem undirverktakar áttu rétt á á tímabilinu, færu um hendur fyrirsvarsmanna aðalverktakans. Í yfirlýsingunni þykir að sama skapi felast, að aðalverktaki afsali sér þeim rétti, sem hann á skv. verksamningnum gagnvart stefnda til að fá til sín alla greiðsluna fyrir verkið í heild miðað við verkstöðu. Því verður litið svo á, að undirverktakarnir, sem greindir eru í yfirlýsingunni, hafi öðlast rétt skv. efni hennar á hendur stefnda og eigi rétt á að sækja mál á hendur honum, ef þeir telja, að hann hafi vanefnt skyldur sínar við þá skv. yfirlýsingunni. Er því ekki fallist á þau rök stefnda, að sýkna beri í málinu vegna aðildarskorts stefnanda. Hins vegar verður að skýra yfirlýsinguna með þeim fyrirvörum, sem í henni felast. Ljóst er, að allar greiðslur á verkkaupi, sem fram fóru á greiðslustöðvunartíma, eru af hálfu stefnda inntar af hendi í samræmi við það greiðslufyrirkomulag, sem yfirlýsingin gerir ráð fyrir. Þá kemur fram í gögnunum og er og upplýst við dómarann af skiptastjóra þrotabús aðalverktakans, að greiðsluskipting verkstöðu nr. 21 og 22, dskj. nr. 23, sem stefndi greiddi, eftir að aðalverktaki varð gjaldþrota, og samþykkt af skiptastjóra þrotabúsins 10. febrúar 1995, eru fyrir verk, sem unnin voru, eftir að aðalverktaki var úrskurðaður gjaldþrota.

Ekki verður séð af dóm skj. nr. 24, yfirliti yfir greiðslur til Drafnar, fasteignaþjónustu hf., frá stefnda, né öðrum gögnum í málinu, að nein greiðsluskipting miðað við verkstöðu hafi verið gerð eftir áramót 1994–1995, sem samþykkt hafi verið af aðstoðarmanni aðalverktakans í greiðslustöðvun. Reikningar stefnanda eru dags. 6. janúar og 7. janúar 1995 og eru því ekki teknir með í síðustu greiðsluskiptingu, sem dagsett er 29. desember 1994, sama dag og milliúttekt fór fram á verkinu. Samkvæmt því, sem fram kemur hjá vitninu Kristjáni, hafði þá verið ólokið nokkrum þáttum í blikki hjá stefnanda, sem hann hafði þó lokið fyrir 16. janúar 1994, en á þessum tíma hefði miðað hægt hjá aðalverktaka, um 3% af samningsverkinu verið eftir, og vitnið þá gert aðalverktaka ljóst, að ekki yrðu greiddir fleiri framvindu-reikningar, fyrr en hann hefði lokið verkinu, og þá með lokauppgjóri, en það fór fram 28. febrúar 1995. Reikningar miðað við verkstöðu höfðu verið greiddir hálfsmánaðarlega, og hefðu næstu greiðsluskipti miðað við verkstöðu því átt að liggja fyrir 13. janúar 1995 og reikningar stefnanda þá átt að vera þar með, eftir að lagt hafði verið mat á þá af aðstoðarmanninum í greiðslustöðvun aðalverktakans. Ekki verður séð, að þörf hafi verið á þessum fresti til að knýja aðalverktaka til verkloka, þar sem stefndi hafði á þessum tíma geymslufé frá honum, að fjárhæð 1.958.773 kr. Verður því að telja, að stefndi hafi átt sök á því, að greiðsluskipting og uppgjör skv. henni fór ekki fram með venjulegum hætti rétt fyrir gjaldþrot aðalverktaka, og ekki urðu síðar skilyrði til að ganga frá henni, eins og yfirlýsing á skj. nr. 3 gerði ráð fyrir, þar sem aðstoðarmaður aðalverktaka í greiðslustöðvun hafði þá hætt störfum. Þegar þetta er virt, þykir verða að telja, að sú skylda hafi hvílt á stefnda skv. yfirlýsingunni, að hann gætti þess við lokauppgjör, að stefnandi fengi þá greiðslu, sem honum hefði borið, ef greiðsluskipting hefði farið með venjulegum hætti. Verður stefndi því að bera halla af því, að ekki hefur verið lagt það mat á reikningana, sem tíðkaðist samkvæmt samþykktu greiðslufyrirkomulagi. Reikningunum hefur ekki verið mótmælt sem röngum, og af eftirlitsaðila stefnda er staðfest, að þeir séu vegna verkloka stefnanda, og eru þeir því lagðir til grundvallar í málinu. Aðstoðarmaðurinn í greiðslustöðvun, vitnið Bjarni Þór, taldi helstu skýringuna á því, að reikningarnir lentu ekki í uppgjóri, að ef til vill hafi þeir verið fyrir verk, sem búíð hafi verið að greiða fyrir áður. Þetta hefur vitnið ekki getað full- yrt, og þykir því bresta sönnun um það. Ekki þykir það heldur leiða ótví- rætt í ljós, að stefnandi hafi verið búinn að fá greitt að fullu fyrir verk sitt, að fjárhæð greiddra reikninga og skuldar við greiðslustöðvun hafi numið 2.580.841 krónu, en tilboð stefnanda í verkið við aðalverktaka hafi numið 2.553.013 krónum. Verður þá að líta til þess, að tilboð aðalverktaka nam

34.204.652 krónum, en vegna viðbótarverka, aukaverka og verðbóta varð heildarverkkostnaður 45.574.692 kr. og ekki ólíklegt, að verk stefnanda með aukaverkum, verðbótum o. fl. hafi numið hærri fjárhæð en í tilboðinu greinir. Þykir því mega taka þá kröfu stefnanda til greina, að stefndi greiði honum fjárhæð reikninganna, 111.488 krónur.

Ekki er samt fallist á, að verksamningur hafi komist á milli stefnanda og stefnda, svo sem stefnandi heldur fram, og hvorki í samningum stefnda við aðalverktaka né í samningi stefnanda og aðalverktaka eru ákvæði um, að staðall ÍST-30 gildi í þessum viðskiptum.

Ekki er í fram lögðum verksamningum né yfirlýsingu á dskj. nr. 3 neitt um geymslufé eða eftir hvaða reglum það skuli tekið. Telja verður þó, að samkomulag sé um þetta eða stefnandi hafi gengist undir það og að þetta kæmi til greiðslu, eftir að verk skv. tilboði aðalverktakans hafði verið tekið út í heild og lokauppgjör farið fram. Þetta er óháð því fyrirkomulagi um verkhlutagreiðslur, sem yfirlýsing á dskj. nr. 3 fjallar um, og varðar eingöngu uppgjör milli stefnanda og aðalverktakans, og er ekki fallist á, að stefnda beri að greiða stefnanda þetta sérstaklega, heldur verði hann að sækja þetta í þrotabú aðalverktakans.

Fallast má á, að stefndi greiði dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 111.488 krónum frá 13. janúar 1995 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda í málskostnað 60.000 krónur.

Dóm þennan kveður upp Guðmundur L. Jóhannesson héraðsdómari.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, sóknarnefnd Hafnarfjarðarkirkju, greiði stefnanda, Herði Harðar vegna Blikksmiðju Harðar, 111.488 krónur auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 13. janúar 1995 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 60.000 krónur í málskostnað.